

Lokasamkomulag ríkis og sveitarfélaga um fjárhagsramma þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk

Inngangur

Samkvæmt 11. gr. samkomulags ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustu við fatlaða var ætlunin að árið 2014 færi fram „...sameiginlegt mat ríkis og sveitarfélaga á faglegum og fjárhagslegum árangri tilfærslunnar ...“. Í sömu grein segir að „Ef í ljós kemur veruleg röskun á forsendum tilfærslunnar skulu teknar upp viðræður milli ríkis og sveitarfélaga um nauðsynlega leiðréttingu“. Matið skyldi nýtast til ákvörðunar útsvarsstofns ársins 2014, þannig að þjónustan yrði alfarið fjármögnuð með útsvari.

Mynduð var verkefnisstjórn um faglegt og fjárhagslegt endurmat tilfærslu á þjónustu fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga á árunum 2011–2013 og er vinnu hennar nú lokið. Þar sem gagnaöflun til grundvallar matinu tók lengri tíma en áætlað var gerðu ríki og sveitarfélög viðauka við samkomulagið sem fól í sér að útsvarshlutfall sveitarfélaga var hækkað um 0,04% og tekjuskattshlutfall ríkisins lækkað samsvarandi. Jafnframt féllu niður bein framlög af fjárlögum vegna þjónustunnar.

Matið er viðamikið og fjallar bæði um fjárhagslega og faglega þætti.¹ Tekjur og gjöld sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk hafa aukist umtalsvert og þegar litið er til upphaflegs matstímabils hefur heildarafkoma verið jákvæð á rekstrargrunni. Á árunum 2014 og 2015 hefur á hinn bóginn myndast töluverður rekstrarhalli í málaflokknum.

Í vinnu verkefnisstjórnar kom í ljós að of mikið bar á milli aðila til þess að unnt væri að ná samkomulagi innan verkefnisstjórnarinnar um sameiginlega tillögu að breytingu á útsvarsprósentu sveitarfélaga. Verkefnisstjórn vísaði þeim þætti til frekari umfjöllunar og afgreiðslu í beinum viðræðum milli sveitarfélaga og ríkisins á grundvelli niðurstöðu skýrslunnar. Þessi niðurstaða endurspeglar ólík sjónarmið innan verkefnisstjórnarinnar varðandi umfang og ástæður halla sem fram hefur komið á þessu og síðasta ári.

Þrátt fyrir að aðilar hafi ekki náð saman um niðurstöðu matsins er það ásetningur ríkis og sveitarfélaga að ná heildstæðu samkomulagi um fjárhagsramma þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk. Aðilar eru sammála um að í stað hækunar útsvarshlutfalls verði framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á grundvelli hlutfalls af skatttekjum ríkissjóðs hækkað til að tryggja fjárhagsafkomu sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk og til að koma til móts við óskir sveitarfélaga um breiðari grunn tekjustofna sveitarfélaga. Samkomulaginu er ætlað að tryggja bætta afkomu sveitarfélaga á grundvelli núverandi þjónustustigs lögbundinnar þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks.

¹ Eitt af faglegum viðfangsefnum samkvæmt samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um tilfærsluna var að vinna að framtíðarverkaskiptingu sveitarfélaga og Vinnumálastofnunar á sviði atvinnumála fatlaðs fólks, sbr. lög um vinnumarkaðsaðgerðir. Frá þessari verkaskiptingu var gengið með samkomulagi sem undirritað var í formi viljayfirlýsingar þann 28. september 2015.

Samkomulag

1. gr.

Gildissvið

Samkomulag þetta felur í sér endanlega niðurstöðu um fjármögnun lögbundinnar þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks.

2.gr.

Ábyrgð á þjónustu

Sveitarfélög bera ábyrgð á skipulagi og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk, þar með talið gæðum þjónustunnar, sem og kostnaði vegna hennar. Félags- og húsnæðismálaráðherra fer með yfirstjórn málefna fatlaðs fólks og ber ábyrgð á opinberri stefnumótun málaflokksins í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga.

3. gr.

Fjárhagsrammi

Endanlegur fjárhagsrammi lögbundinnar þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk skal vera 1,24% útsvarshlutfall sem skiptist milli sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga með sama hætti og verið hefur og 0,235% af innheimtum skatttekjum ríkisins sem renna í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til jöfnunar vegna þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk.

4. gr.

Breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga

Tímabundin 0,04% hækkun útsvarshlutfalls sveitarfélaga sem tók gildi árið 2014 verður lögfest sem hluti af hámarksútsvari sveitarfélaga. Hlutfall framlaga til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna innheimtra skatttekna ríkisins verður að öllu öðru óbreyttu 2,355%.

5. gr.

Mat á kostnaði vegna lagabreytinga

Við gerð lagafrumvarpa um þjónustu við fatlað fólk sem kunna að fela í sér breytingar á kostnaði sveitarfélaga eða kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga, skal framkvæmt kostnaðarmat með tilliti til heildaráhrifa á fjárhag sveitarfélaga. Fjalla skal um breytingar á kostnaði og á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga í samræmi við 11. gr. frumvarps til laga um opinber fjármál sem gert er ráð fyrir að taki gildi þann 1. janúar 2016.

6. gr.

Fyrirvari um samþykki Alþingis

Samkomulagið er gert með fyrirvara um að Alþingi samþykki nauðsynlegar lagabreytingar og breytingar á fjárlögum.

Reykjavík, 11. desember 2015.

Fyrir hönd ríkisins

Fyrir hönd sveitarfélaga

Félags- og húsnæðismálaráðherra

Halldór Halldórsson formaður
Sambands íslenskra sveitarfélaga

Innanríkisráðherra

Karl Björnsson framkvæmdastjóri
Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fjármála- og efnahagsráðherra